

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

AFRIT



Reykjavík 16. nóvember 2016
UST201610-164/K.S.J.
10.04.03

Efni: Hakið á Þingvöllum. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Við er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 21. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Hakinu á Þingvöllum.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er þar sem aðkoma er að þjóðgarðinu á Þingvöllum í landi Brúsastaða og Svartagils. Í greinargerð kemur fram að nú er áætluð fjórða breytingin á deiliskipulagi sem var samþykkt árið 1999. Einnig kemur fram að nú fer fram heildarendurskoðun á stefnumörkun fyrir þjóðgarðinn, þar á meðal á þeirri aðstöðu sem þörf er á vegna aukinna heimsókna ferðamanna. Ofangreind breyting felst í stækkun bílastæða á Hakinu og breytingu á fyrirkomulagi þeirra ásamt byggingu tveggja nýrra salernisbygginga. Í greinargerðinni segir einnig að skipulagsreiturinn nái yfir aðkomusvæði og nánasta umhverfi fræðslumiðstöðvarinnar og nái yfir svæði sem er á hraunsvæði þar sem er gras, lyng og kjarrgróður.

Tillaga að staðsetningu nýrra bílastæða

Umhverfisstofnun tekur undir það, að staðseting bílastæða vestan núverandi móttökusvæðis, er valin þannig að ekki verði raskað hraunhólum á svæðinu, og því eru óröskuð svæði áætluð milli núverandi og væntanlegra bílastæða.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir þá áætlun að skólp á svæðinu verði leitt í safntanka sem eru losaðir jafnóðum, þar til framtíðarlausn fyrir fráveitu verður fundin. Um leið undirstrikar stofnunin mikilvægi þess að mengun fari ekki í grunnvatn á vatnasvæði Þingvallavatns.

Valkostir


Í umhverfisskýrslu eru bornir saman tveir kostir, bílastæði vestan núverandi bílastæða með óröskuðu landi á milli annars vegar, og að staðsetja bílastæði sunnan við Kárastíg þar sem bráðabirgðabílastæði voru staðsett árið 1974, hins vegar. Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöðu breytingartillögunnar að velja stað fyrir bílastæði vestan við núverandi móttökusvæði fremur en að velja staðinn sunnan Kárastígar. Umhverfisstofnun tekur undir að slík staðsetning bílastæða hefði neikvæð sjónræn áhrif á


útsýni frá Hakinu og nágrenni þess, þar sem bílastæði sunnan Kárastígar yrðu að stórum hluta til í forgrunni er gestir litu yfir Þingvelli.

Niðurstaða

Ofangreind tillaga að breytingu á deiliskipulagi aðkomusvæðis á Hakinu mun hafa í för með sér mikla aukningu á bílastæðum. Áætluð svæði fyrir bíla munu hafa neikvæð sjónræn áhrif fyrir þá sem aka Þingvallaveg. Að mati Umhverfisstofnunar vegur þó þyngra, mikilvægi þess að aðstaða sé fyrir gesti bæði hvað varðar bílastæði og salerni. Stofnunin tekur undir val á svæði fyrir áætlaða aukningu á bílastæðum. Skipulagssvæðið er á grónu hrauni, en með aðstöðunni sem skapast með auknum framkvæmdum ætti að komast hjá átrodningi á óröskuðum svæðum sem er jákvætt.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri